

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 24. janúar 2024
UST202312-226/A.B.
10.04.01

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020 - 2036 vegna nýrra jarðstrengja

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 21. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020 - 2036 vegna nýrra jarðstrengja.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd felur í sér stækkun á núverandi tengivirki og lagningu þriggja nýrra háspenntra jarðstrengja frá tengivirkinu norðvestan við Þorlákshöfn að starfstöðvum raforkunotendanna First Water og GeoSalmo vestan við Þorlákshöfn. Strengirnir enda í aðveitustöðvum innan lóðamarka fyrirtækjanna og hafa fengið nöfnin Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3 (SD1, SD2 og SD3), en SD1 og SD2 liggja að First Water og eru um 2 km langar og SD3 liggur að GeoSalmo og er um 4 km löng.

Jarðstrengirnir verða lagðir í veg- og stígakanta að langstærstum hluta, nema hvað SD1 og SD2 munu næst First Water fara yfir óraskað land á um 560 m kafla. Það svæði er í jaðri iðnaðarsvæðis skv. aðalskipulagi og er því gert ráð fyrir að það svæði verði raskað þegar það byggist upp.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að eins og kemur fram í greinargerð að innan skipulagssvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð segir að mögulega er hægt að komast hjá því að raska sérstökum formum hraunsins með því að hnika til strengleiðinni. Þar sem um er að ræða mjög lítinn hluta hraunsins alls og það er nú þegar raskað á svæðinu eru áhrif á verndarsvæði talin óveruleg.

Þar sem að hraunið nýtur sérstakrar verndar er mikilvægt að settir sé fram skýrir skilmálar um vernd hraunsins bæði í aðalskipulagi og deiliskipulagi og hugað sé að mótvægisáðgerðum.

Umhverfisstofnun bendir á að verndargildi hraunsins á svæðinu er mismunandi, eins og kemur einnig fram í greinargerð og því mikilvægt að kortleggja hraunið á skipulagsvæðinu og afmarka línuleiðir, vegi og byggingareiti með tilliti til þess.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið nánar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Að mati Umhverfisstofnunar mun skipulagstillagan valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það og á svæði sem er á náttúruminjaskrá.

Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu en eins og tillagan er sett fram virðast einungis einkahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur